

Samningur vegna undanþágu í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum

17. gr., hljóðar svo:

„Óheimilt er að meðhöndla dýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis og skal dýralæknir sjálfur hefja meðferðina, þegar um búfé er að ræða. Þó er heimilt, að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis, að hefja notkun sýklalyfja í gegnum munn eða til útvortis notkunar, sýklalyfjablandaðs fóðurs og sýklalyfja til blöndunar í drykkjarvatn, án þess að dýralæknir hefji meðferðina.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er yfirdýralækni heimilt, að veita dýralækni undanþágu frá kröfu um að hann hefji sjálfur sýklalyfjameðferð á búfé þar sem landfræðilegir staðhættir, veðurfar eða aðrar ytri aðstæður hindra dýralækni í að hefja meðferðina.“

Undanþágan er háð eftirfarandi skilyrðum AF HÁLFU BÓNDANS

1. Bóndi skal hafa samráð við undirritaðan dýralækni, þegar hann telur þörf á að nota sýklalyfið.
2. Bóndi skal eingöngu nota sýklalyfið fyrir sauðfé.
3. Bóndi skal halda skriflegt bókhald yfir alla notkun sýklalyfja á búinu samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 289/2005 um merkingar búfjár og skrá lyfjagjafir í heilsukort viðkomandi grips þar sem fram skal koma dagsetning, númer viðkomandi grips, sjúkdómsgreining, heiti sýklalyfs, magn lyfs og hversu oft það var gefið (fjöldi daga).
4. Bóndi skal að sauðburði loknum senda allar sínar skráningar til undirritaðs dýralæknis, til að gera honum kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt 11. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 um eftirlit Matvælastofnunar með ávísunum dýralyfja og skrifa sérstaka skýrslu um ávísun lyfja skv. undanþágunnar og senda til yfirdýralæknis að sauðburði loknum og eigi síðar en 1. júlí fyrir viðkomandi ár.
5. Bóndi skal varðveita bókhald yfir alla notkun sýklalyfja á búinu í a.m.k. 10 ár og geta framvísað því þegar undirritaður dýralæknir eða Matvælastofnun fer fram á það. Að öðrum kosti glatar viðkomandi bóndi möguleika á að fá afhent sýklalyf í samræmi við undanþágu þessa.

Nafn bónda: _____

Bæjarnúmer: _____

Heimilisfang: _____

Símanúmer: _____

Pnr. og staður: _____

Netfang: _____

Undirritaðir gera hér með samning vegna undanþágu frá ákvæðum 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 539/2000 og skuldbinda sig að framfylgja þeim skilyrðum sem sett hafa verið vegna undanþágunnar. Undanþágan gildir í eitt ár.

Staður og dagsetning

Undirskrift bónda

Staður og dagsetning

Undirskrift dýralæknis